

Reykjanesvirkjun-Breytingar á staðsetningu mannvirkja

Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 9. febrúar 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá HS Orku um fyrirhugaðar breytingar á staðsetningu mannvirkja Reykjanesvirkjunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjanesbæjar og Umhverfisstofnunar.

Ráðgjafi framkvæmdaraðila er VSÓ ráðgjöf.

Framlögð gögn

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Breytingar á staðsetningu mannvirkja Reykjanesvirkjunar Fyrirspurn um matsskyldu. VSÓ Ráðgjöf, 9. febrúar 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Reykjanesbæ með tölvubrési dags. 16. febrúar 2016
- Umhverfisstofnun með bréfi 17. febrúar 2016

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að árið 2008 hafi HS Orka hafið matsferli vegna stækkunar Reykjanesvirkjunar sem lauk með álitni Skipulagsstofnunar 23. júlí 2009. Framkvæmdaþættir í matinu hafi verið stækkun virkjunar (REY-3), bygging þækilvirkjunar (REY-4), ný skiljustöð, fjölgun borhola og niðurdæling. Við hönnun og reynslu af nýtingu svæðisins hafi HS Orka ákveðið að breyta forgangsröðun byggingaráforma og staðsetningu og stærð mannvirkja miðað við það sem gert hafi verið ráð fyrir í matinu. Frestað hafi verið áformum um að stækka núverandi virkjun en áform um byggingu þækilvirkjunar færð framar í forgangsröðina. Fram kemur að þækilvirkjunin verði nú staðsett vestan núverandi stöðvarhúss í stað sunnan þess, þar sem áður hafi verið gert ráð fyrir stækkun núverandi stöðvarhúss. Byggingin hliðrist því um 65 m til norðvesturs og stækki um 360 m², verði 3.060 m² í stað 2.700 m² frá því sem gert hafi verið ráð fyrir í matinu og verði 18 m að hæð en útlit hennar og form verði sambærilegt við núverandi stöðvarhús. Fram kemur að rafmagnsframleiðsla þækilvirkjunar verði óbreytt, allt að 30 MW og engar breytingar verði á vinnslu jarðhitavökva frá því sem gert hafi verið ráð fyrir í matsskýrslu um stækkun Reykjanesvirkjunar. Fram kemur að skiljustöð verði byggð sunnan stöðvarhúss, þar sem áður hafi verið gert ráð fyrir þækilvirkjun í stað þess að vera norðan við Gráa lónið. Skiljustöðin verði nú 1.100 m² í stað 700 m² og allt að 16 m á hæð og útlit og form byggingarinnar sambærilegt við núverandi skiljustöð.

Fram kemur að jafnframt sé fyrirhugað að reisa tvær byggingar sem gert hafi verið ráð fyrir að myndu verða hluti af stöðvarhúsum þækilvirkjunar og háþrýstivirkjunar í matsgögnum frá 2009. Þessi mannvirki séu nauðsynleg til hreinsunar á jarðhitavökva áður en hann verði leiddur í niðurrennslisholur. Um sé að ræða annars vegar um 400 m², 8 m háa byggingu fyrir meðhöndlun kísils sem verði staðsett vestan við nýja skiljustöð og hins vegar um 16 m hátt, 200 - 1.000 m² hreinsivirki fyrir affallsvökva til að fella steinefni út, áður en vökvinn fari að nýju í jarðhitageyminn, sem verði staðsett sunnan nýrrar skiljustöðvar. Breytingin felist eingöngu í staðsetningu þessara mannvirkja, þar sem áætlun um meðhöndlun affallsvökva, magn steinefna sem falli út, förgunarleiðir vökvans og áform um niðurdælingu hafa ekki breyst frá matsskýrslu 2009.



Umhverfisáhrif

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að það landssvæði, þar sem ráðgert sé að reisa fyrirhugaðar byggingar, sé allt raskað og enginn gróður sé á svæðinu og því komi fyrirhugaðar breytingar á mannvirkjum ekki til með að breyta einkennum landslags á svæðinu. Möguleg áhrif breytinganna snúi eingöngu að ásýnd svæðisins en ólíklegt sé að mannvirki takmarki útsýni frá ferðamannastöðum. Miðað við niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum árið 2009 og fyrirbyggjandi gögn um breytingar á framkvæmdum telji HS Orka að ekki sé hægt að færa fyrir því rök að tilfærsla stakra bygginga geti ein og sér haft í för með sér umfangsmeiri umhverfisáhrif en komu fram í matsskýrslu 2009 og álitum Skipulagsstofnunar.

Í umsögn Reykjanesbæjar er ekki tekin afstaða til matsskyldu en fram kemur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar í greinargerð HS Orku. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingaleyfi Reykjanesbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Framkvæmdirnar eru í samræmi við Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2008-2024, en áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi.

Niðurstæða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða breytta staðsetningu, stækkun og nýbyggingu mannvirkja á iðnaðarsvæði Reykjanesvirkjunar miðað við þau áform sem voru til umfjöllunar og mati í matsferli vegna stækkunar Reykjanesvirkjunar árið 2009. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjanesvirkjun er í eðli sínu umfangsmikil framkvæmd sem hefur margþætt áhrif á umhverfi sitt. Helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra breytinga á virkjuninni miðað við það sem gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum árið 2009 verða í breytingu á ásýnd svæðisins vegna umfangsmeiri og nýrra mannvirkja, en á móti kemur að hætt er við að stækka stöðvarhús núverandi virkjunar eins og gert var ráð fyrir í matinu. Með tilkomu virkjunarinnar hefur svæðinu í kringum hana verið raskað og þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan þess raskaða svæðis er ekki um að ræða frekari neikvæð áhrif á jarðmyndanir og gróður. Þá er ljóst að að við fyrirhugaðar breytingar verður hvorki aukning á uppteikt jarðhitavökva úr jarðhitageyminum né aukning eða breyting á efnasamsetningu affallsvatns miðað við það sem fjallað var um og lagt mat á í matsferlinu árið 2009.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstæða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á staðsetningu og stærð mannvirkja á iðnaðarsvæði Reykjanesvirkjunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 29. mars 2016.

Reykjavík, 26. febrúar 2016

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson